

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2012/EES/33/01		Álit ráðgjafarnefndar EFTA um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu og varðar drög að ákvörðun í máli nr. 59120 – Color Line 8. desember 2011	1
2012/EES/33/02		Álit ráðgjafarnefndar EFTA um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu og varðar drög að ákvörðun í máli nr. 59120 – Color Line 13. desember 2011 (annar fundur)	2
2012/EES/33/03		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli 59120 – Color Line.....	3
2012/EES/33/04		Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 387/11/COL frá 14. desember 2011 um málarekstur samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins gegn Color Group ASA og Color Line AS (Mál nr. 59120 Color Line)	6
2012/EES/33/05		Auglýsing frá stjórnvöldum í Noregi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á fyrirframskilgreindum svæðum árið 2012.....	11
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2012/EES/33/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6490 – EADS/Israel Aerospace Industries/JV)	13
2012/EES/33/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6514 – OK ekonomisk forening/Kuwait Petroleum Northern Europe/Kuwait Petroleum (Danmark)) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	14
2012/EES/33/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6561 – Cytec Industries/Umecc).....	15

2012/EES/33/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6591 – TenneT Offshore GmbH/Mitsubishi Corporation/TenneT Offshore 2) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	16
2012/EES/33/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6608 – Tereos/Wilmar/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	17
2012/EES/33/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6615 – Nuvia/Coor/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	18
2012/EES/33/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6616 – Lion Capital/Alain Afflelou Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	19
2012/EES/33/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6629 – Bain Capital/Scandinavian Installations Refi) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	20
2012/EES/33/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6631 – Permira Europe III/Telepizza) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð.....	21

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁLIT RÁÐGJAFARNEFNDA EFTA UM SAMKEPPNISHÓMLUR OG
MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU OG VARÐAR DRÖG AÐ ÁKVÖRÐUN Í

2012/EES/33/01

MÁLI nr. 59120 – COLOR LINE

8. desember 2011

1. Ráðgjafarnefndin er sammála skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á viðkomandi markaði.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005 hafi einkaréttur Color Line til langs tíma samkvæmt hafnarsamningnum frá 1991 um að nota hafnaraðstöðuna í Torskholmen í Strömstad haft þau áhrif að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Color Line hafi í máli þessu ekki sýnt fram á að skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, hafi verið fullnægt.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að Color Line hafi haft ráðandi stöðu á viðkomandi markaði frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005.
5. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005 hafi einkaréttur Color Line til langs tíma samkvæmt hafnarsamningnum frá 1991 um að nota hafnaraðstöðuna í Torskholmen í Strömstad jafngilt misnotkun á markaðsráðandi stöðu Color Line í skilningi 54. gr. EES-samningsins.
6. Ráðgjafarnefndin er sammála um að á tímabilinu sem er til rannsóknar hafi hafnarsamningurinn getað haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila í skilningi 53. og 54. gr. EES-samningsins.
7. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að unnt sé að ljúka málsmeðferðinni með ákvörðun samkvæmt 1. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 23. gr. II. kafla bókunar 4 við samning um eftirlitsstofnun og dómstól.
8. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að sekta beri viðtakendur draga að ákvörðun.
9. Ráðgjafarnefndin hyggst leita eftir birtingu þessa álits í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

**ÁLIT RÁÐGJAFARNEFNDAR EFTA UM SAMKEPPNISHÖMLUR OG
MARKAÐSRÁÐANDI STÖÐU OG VARÐAR DRÖG AÐ ÁKVÖRDUN Í****2012/EES/33/02****MÁLI nr. 59120 – COLOR LINE****13. desember 2011****(annar fundur)**

1. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að sekta beri viðtakendur draga að ákvörðun.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um grunnfjárhæð sektarinnar.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um að ekki séu fyrir hendi neinar þyngingar-
ástæður eða málsbætur sem taka beri tillit til.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um lokafjárhæð sektarinnar.
5. Ráðgjafarnefndin hyggst leita eftir birtingu þessa álits í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli 59120 – Color Line**2012/EES/33/03**

Þessi lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 59120 – Color Line – er lögð fram samkvæmt ákvæðum 15. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 177/02/COL um starfssvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum.

Málsmeðferð og drög að ákvörðun gefa tilefni til eftirtalinna athugasemda.

1. Inngangur að málsmeðferð

Hinn 20. desember 2005 lagði Kystlink AS fram kvörtun við norska samkeppniseftirlitið vegna hafnarsamninga sem Color Line AS gerði við sveitarfélögin Strömstad og Sandefjord. Eftirlitsstofnun EFTA barst tilkynning um málið frá norskum samkeppnisyfirlöðum 14. desember 2005 og í framhaldi af því tók hún málið í sínar hendur samkvæmt reglum í tilkynningu EFTA-nets samkeppnisyfirlöðanna⁽¹⁾.

Skoðun fór fram í húsakynnum Color Line AS („Color Line“ í því sem hér fer á eftir), Color Group ASA og O.N. Sunde AS dagana 4. til 6. apríl 2006.

2. Skrifleg málsmeðferð**2.1. Andmælagreinargerð**

Eftirlitsstofnun EFTA samþykkt andmælagreinargerð 16. desember 2009. Drög að andmælagreinargerðinni voru skrifuð á ensku en að beiðni Color Line frá 17. desember 2009 var norsk útgáfa hennar gerð og tilkynnt Color Line 5. febrúar 2010.

Color Line sendi svar við andmælagreinargerðinni, á norsku, hinn 12. apríl 2010.

2.2. Utanaðkomandi aðilar

Tvö félög óskuðu eftir formlegri aðkomu að málsmeðferðinni sem hagsmunaaðilar. Skýrslufulltrúar brugðust við þessum óskum með því að veita Fjord Line aðgang að málsmeðferðinni 9. febrúar 2010 og Bastø Fosen 18. maí 2010. Báðir utanaðkomandi aðilar fengu texta andmælagreinargerðarinnar og svar Color Line við henni, að slepptum trúnaðarupplýsingum. Báðir utanaðkomandi aðilar lögðu fram skriflegar athugasemdir. Aðeins fulltrúar Bastø Fosen fóru þó fram á að vera viðstaddir skýrslugjöfina.

2.3. Aðgangur að skjölum

Color Line var veittur aðgangur að þeim hluta skjala Eftirlitsstofnunar EFTA, sem ekki hafði að geyma trúnaðarupplýsingar, 11. janúar 2010. Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið Eftirlitsstofnunar EFTA heimilaði 29. janúar 2010 aðgang að þeim skjölum sem eftir stóðu þegar trúnaði hafði verið aflétt. Hinn 11. mars 2010 sendi Color Line rökstudda beiðni um frekari aðgang að skjölum til skýrslufulltrúanna.

Skýrslufulltrúarnir svöruðu 26. mars 2010 og veittu fullan aðgang eða aðgang að hluta að flestöllum skjölum sem óskað var eftir.

Color Line lagði fram aðra rökstudda beiðni um aðgang að skjölum 21. maí 2010. Félagið óskaði eftir aðgangi að öllum skjölum sem utanaðkomandi aðilar höfðu lagt fram, svo og að ákvörðun skýrslufulltrúa um að veita Fjord Line stöðu utanaðkomandi aðila. Skýrslufulltrúar bentu á það 26. maí 2010 að Color Line hefði þegar fengið athugasemdir Fjord Line við andmælagreinargerðinni og svar við andmælagreinargerðinni 25. maí 2010. Skýrslufulltrúar greindu Color Line einnig frá því að í því sem eftir stóð af bréfaskriftum milli Fjord Line og Eftirlitsstofnunar EFTA, svo og í ákvörðun skýrslufulltrúa, væri ekki að finna nein ný gögn í málinu. Color Line ætti því engan rétt á að fá aðgang að þessum skjölum. Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið sendi athugasemdir Bastø

⁽¹⁾ Tilkynning um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirlöðanna, Stjtið. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1.

Fosen við andmælagreinargerðina og svar við andmælagreinargerðinni áfram til Color Line þar eð þær kynnu að geyma nýjar upplýsingar í málinu.

3. Munnleg málsmeðferð

Munnleg málsmeðferð fór fram 14. júní 2010. Viðstaddir skýrslutöku voru skýrslufulltrúar, fulltrúar Color Line, samkeppnis- og ríkisaðstoðarsviðs og lagaskrifstofu og rekstrarsviðs Eftirlitsstofnunar EFTA og stjórnarmaður sem fer með málaflokkinn, svo og fulltrúar framkvæmdastjórnar ESB, norskra og franska samkeppnisyfivalda og utanaðkomandi aðilans Bastø Fosen.

Samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið greindi frá sjónarmiðum sínum í málinu eins og þau koma fram í andmælagreinargerðinni. Bastø Fosen kynnti einnig sjónarmið sín í stuttri munnlegri skýrslu. Color Line var úthlutað því sem eftir var af ræðutíma og talaði fulltrúi þess á norsku en mál hans var þýtt á ensku.

Utanaðkomandi aðilar fengu að ekki að hlýða á tiltekna þætti kynninganna, einkum hluta kynningar á rekstrarlíkani Color Line, kynningu á könnun meðal viðskiptavina og kynningu á efnahagsgreiningu og velgengiþáttum hugsanlegs keppinautar.

Color Line óskaði eftir og fékk aðgang að upptökum af skýrslugjöfnum 4. maí 2011.

4. Málsmeðferð eftir skýrslutöku

Annar skýrsluhöfundur í máli þessu, Ida Hauger, hætti hjá Eftirlitsstofnun EFTA í júlí 2010.

Color Line óskaði eftir stöðufundi með bréfi dagsettu 12. janúar 2011.

Fundur var haldinn í húsakynnum Eftirlitsstofnunar EFTA 15. febrúar 2011.

Color Line sendi Eftirlitsstofnun EFTA, með tölvupósti frá 6. maí 2011, stöðuskýrslu með sjónarmiðum félagsins um lagaatriði sem Eftirlitsstofnun EFTA kynnti á stöðufundinum. Color Line kynnti skýrslu sína og sjónarmið í málinu á fundi í húsakynnum Eftirlitsstofnunar EFTA 11. maí 2011.

5. Drög að ákvörðun

Umfang brotanna sem tilgreind eru í drögum að ákvörðun, sem voru lögð fyrir ráðgjafarnefndina, var þrengra en í andmælagreinargerðinni. Að auki segir þar að brotin hafi staðið yfir í styttri tíma og að viðtakendur draga að ákvörðun séu tvö fyrirtæki en viðtakendur andmælagreinargerðarinnar voru fjórir.

Bráðabirgðaniðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA í andmælagreinargerðinni var að hafnarsamningarnir sem gerðir voru við sveitarfélögin Strömstad og Sandefjord hefðu haft að markmiði og orðið til þess að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni í bága við 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og hefðu ekki fullnægt skilyrðum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Það var einnig bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA að Color Line hefði misnotað ráðandi stöðu sína á viðkomandi markaði. Eftirlitsstofnun EFTA taldi að þessi brot hefðu hafist 1. janúar 1994 og að þau stæðu enn yfir. Andmælagreinargerðinni var beint til Color Line AS, Color Line Transport AS, Color Group ASA og O.N. Sunde AS.

Í drögum að ákvörðun, sem nú er beint til Color Line AS og Color Group ASA, kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að Color Line hafi brotið gegn ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins með einkarétti til langs tíma sem það naut samkvæmt hafnarsamningnum sem gerður var við sveitarfélagið Strömstad frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005. Að því er varðar 53. gr. er ekki lengur komist að þeirri niðurstöðu í drögum að ákvörðun að markmiðið hafi verið að hamla samkeppni. Drögum að ákvörðun er einnig beint til Color Group ASA vegna afgerandi áhrifa þess á Color Line AS, dótturfélag sitt í einkaeigu, frá og með 1. október 1998 til 20. desember 2005.

Ég tel að í drögum að ákvörðun sé aðeins að finna andmæli sem Color Line hafi fengið tækifæri til að segja álit sitt á.

Niðurstaða mín er sú að réttur Color Line til að flytja mál sitt hafi verið virtur.

6. Niðurstaða

Ég tel að réttur viðtakenda til að flytja mál sitt hafi verið tilhlýðilega virtur.

Florence Simonetti

skýrslufulltrúi

Ágrip af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 387/11/COL**2012/EES/33/04**

frá 14. desember 2011

um málarekstur samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins gegn Color Group ASA og Color Line AS**(Mál nr. 59120 Color Line)****(Fullgild er ensk og norsk útgáfa textans)****1. Inngangur**

1. Hinn 14. desember 2011 samþykkti Eftirlitsstofnun EFTA ákvörðun um málarekstur samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins. Í samræmi við ákvæði 30. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól birtir Eftirlitsstofnun EFTA hér með nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Heildartexta ákvörðunarinnar í fullgiltum tungumálaútgáfum er að finna, að slepptum trúnaðarupplýsingum, á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:

<http://www.eftasurv.int/competition/competition-cases/>

2. Ákvörðun þessari er beint til ferjufélagsins Color Line AS fyrir beina aðild þess að broti gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins. Ákvörðuninni er einnig beint til Color Group ASA í krafti þess að það var móðurfélag Color Line AS frá 1. október 1998 til 20. desember 2005. Lögð hefur verið á sekt fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 20. desember 2005 en Color Line AS og Color Group ASA bera ábyrgð á því einn fyrir alla og allir fyrir einn.

2. Aðdragandi og málsmeðferð

3. Hinn 20. desember 2005 sendi Kystlink AS, keppinautur Color Line á þeim tíma, kvörtun til norska samkeppniseftirlitsins. Málinu var í framhaldi af því endurráðstafað til Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 11. gr. í II. kafla bókunar 4 við samning um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls og reglum í tilkynningu EFTA-nets samkeppnisyrivalda. ⁽¹⁾
4. Eftirlitsstofnun EFTA skoðaði húsakynni Color Line AS, Color Group ASA og O.N. Sunde AS (móðurfélags Color Group ASA) í Ósló í Noregi dagana 4. til 6. apríl 2006.
5. Hinn 16. desember 2009 tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA Color Line um andmælagreinargerð. Það var bráðabirgðamat Eftirlitsstofnunar EFTA að: i) einkasamningur Color Line við höfnina í Strömstad verndaði félagið gegn skilvirkri samkeppni á markaði fyrir farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi á áætlunarleiðinni milli hafna á strönd Noregs milli Sandefjord og Langesund og hafna á strönd Svíþjóðar í sveitarfélaginu Strömstad, í bága við 53. gr. EES-samningsins, og, ii) með því að halda gildi þess samnings til streitu eftir að EES-samningurinn öðlaðist gildi hafi Color Line misnotað ráðandi stöðu sína á þeim markaði, í bága við 54. gr. EES-samningsins.

3. Color Line

6. Color Group ASA starfar á sviði flutningastarfsemi og ferðaþjónustu, m.a. ferjusiglinga. Color Line AS, sem er dótturfélag í einkaeigu Color Group ASA, var það félag sem bar ábyrgð (ásamt forverum sínum) á ferjusiglingum samsteyppunar á því tímabili sem er til rannsóknar, m.a. á áætlunarleiðinni sem hér um ræðir, milli Sandefjord og Strömstad.
7. Félag að nafni Scandi Line AS annaðist upphaflega siglingar á þessari áætlunarleið. Color Line AS er beinn löglegur arftaki þess félags. Color Group ASA hefur átt Color Line AS að fullu frá 30. september 1998.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1.

4. Hafnarsamningurinn

8. Color Line og forverar þess hafa stundað ferjusiglingar frá Strömstad til Sandefjord í Noregi frá 1986. Color Line gerði fyrsta samning sinn við sveitarfélagið Strömstad í júlí 1989. Samningurinn sem ákvörðun þessi fjallar um („hafnarsamningurinn“) kom í staðinn fyrir fyrrnefndan samning 26. mars 1991. Hafnarsamningurinn gildi í 15 ár (frá 1. janúar 1991 til 30. desember 2005). Eftir það átti Color Line rétt á að framlengja hann um tíu ár.
9. Samkvæmt hafnarsamningnum leigði sveitarfélagið Strömstad Color Line tilgreint svæði við höfnina – svæði sem kallast Torskholmen – m.a. rétt til að nota ramp og biðsvæði fyrir bíla.
10. Í 7. gr. hafnarsamningsins var kveðið á um einkarétt Color Line á að nota aðstöðuna á Torskholmen en sveitarfélaginu var meinað að veita samkeppnisaðilum aðgang að Torskholmen.

5. Áætlunarleiðin milli Sandefjord og Strömstad

11. Áætlunarleiðin milli Sandefjord og Strömstad tengir bæina Sandefjord, sem er í Vestfoldfylki í Noregi, í um það bil tveggja tíma akstursfjarlægð frá Ósló á vesturströnd Óslófjarðar, og Strömstad, sem er á vesturströnd Svíþjóðar, nærri landamærum Noregs.
12. Ferjusiglingin milli Sandefjord og Strömstad tekur um það bil tvær og hálf klukkustund. Að jafnaði hefur Color Line siglt á þessari leið fimm sinnum á dag frá 1994 og sex sinnum á háannatíma. Stór hluti farþega tekur bíla sína um borð í ferjuna í Sandefjord og ekur til baka til Noregs um landamærastöðina í Svinesund, norður af Strömstad.
13. Sala tollfrjáls varnings í ferjum Color Line á og hefur átt snaran þátt í vinsældum áætlunarleiðarinnar. Sala tollfrjáls varnings í ferjum í Noregi er háð leyfi og Color Line hefur haft leyfi til að selja tollfrjálsan varning á áætlunarleiðinni milli Sandefjord og Strömstad frá 1987.

6. Viðkomandi markaður

14. Eftirlitsstofnun EFTA hefur skilgreint viðkomandi vörumarkað sem farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi.

Landamerki viðkomandi markaðar takmarkaðist líklega við veitingu slíkrar þjónustu milli hafna í sveitarfélögunum Sandefjord og Strömstad. Nákvæm skilgreining á landfræðilega markaðnum getur þó, að því er ákvörðun þessa varðar, verið opin þar eð á tímabilinu sem er til rannsóknar var Color Line hvort eð er eina fyrirtækið sem annaðist farþegaferjuþjónustu á stuttum siglingaleiðum með sölu á tollfrjálsum varningi milli Noregs og Svíþjóðar.

7. Samkeppnishömlur í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins

15. Hafnarsamningurinn í Strömstad veitti Color Line einkarétt á aðgangi að Torskholmen á hafnarsvæðinu í Strömstad í 25 ár (15 ár í byrjun en með heimild til að framlengja um tíu ár í viðbót). Með honum var komið í veg fyrir að sveitarfélagið Strömstad gæti veitt öðrum en Color Line aðgang að Torskholmen allan þann tíma.
16. Color Line fékk einkarétt á að nýta alla afkastagetu þessarar vel staðsettu hafnar í 25 ár, óháð því hvort félagið myndi nýta sér eða hafa þörf fyrir þá afkastagetu. Hafnarsamkomulagið útilokaði því aðra frá viðkomandi markaði í talsvert langan tíma.
17. Aðrar aðgangshindranir voru t.d. fyrirkomulag sölu á tollfrjálsum varningi, ávinningur af því að vera fyrstur inn á markað (félagið einokaði áætlunarleiðina frá upphafi og þar til árið 2006) og vörumerkjatryggð. Color Line hafði líka orð á sér fyrir að vera grimmur keppinautur sem bæði vildi og gæti varið stöðu sína og beitt markaðsítökum sínum í því skyni.
18. Hugsanlegir keppinautar gerðu að minnsta kosti þrjár alvarlegar tilraunir á tímabilinu sem um ræðir til að komast inn á viðkomandi markað og keppa við Color Line á áætlunarleiðinni milli Sandefjord og Strömstad. Tvær þessarar tilrauna tókust ekki. Hin þriðja – sem félagið Kystlink

stóð að – bar ekki árangur fyrir en eftir að 15 ára einkaréttur samkvæmt hafnarsamningnum hafði runnið út og sveitarfélagið neitaði að framlengja hann um 10 ár eins og Color Line átti rétt á samkvæmt samningnum. Sveitarfélagið Strömstad veitti Kystlink aðgang 21. desember 2005.

19. Skoðun á öðrum hugsanlegum höfnum leiddi í ljós að af tæknilegum, viðskiptalegum, landfræðilegum og stjórnsýslulegum ástæðum væri ekki raunhæfur möguleiki fyrir nýjan aðila að koma sér þar fyrir innan skynsamlegra tímamarka og keppa við áætlunarleið Color Line á því tímabili sem er til rannsóknar.
20. Á grundvelli þeirra þátta sem lýst er hér að framan, hamlaði hafnarsamningurinn samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins frá gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 til 20. desember 2005.

8. Áhrif á viðskipti

21. Alþjóðlegar ferjusiglingar eru, eðli málsins samkvæmt, siglingar yfir landamæri. Að auki var velta Color Line á áætlunarleiðinni veruleg og jókst á hverju ári á tímabilinu sem um ræðir. Farþegum á áætlunarleiðinni fjölgaði einnig á tímabilinu, þeir urðu 1,2 milljónir á árinu 1999 og fjöldi þeirra var að mestu sá sami, eða meiri, fram til ársins 2005.
22. Í ljósi þessa voru áhrif af hafnarsamningnum á möguleika keppinauta til að bjóða þjónustu í samkeppni við Color Line milli Svíþjóðar og Noregs á viðkomandi markaði nægileg til þess að sýna fram á að hafnarsamningurinn hefði haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

9. Engin réttlætning samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins

23. Color Line hefur haldið því fram að það hafi lagt í umtalsverðar fyrirframfjárfestingar sem leiddu til verulegra úrbóta á áætlunarleiðinni milli Sandefjord og Strömstad, neytendum til góða. Hins vegar hefur allur hagur af hagræðingu, sem Color Line staðhæfir að hafi komið til vegna langtíma einkaréttarsamnings um höfnina, annaðhvort ekki verið nægilega rökstuddur eða, í besta falli, verið takmarkaður. Color Line hefur ekki tekist að sýna fram á að ávinningur af skilvirkni sem unnt er að segja að hafi leitt af samningnum vegi þyngra en skaði neytenda vegna þess hve einkarétturinn var til langs tíma. Enn fremur var gildistími einkaréttar Color Line, 25 ár, miklu lengri en ásættanlegt var og hann var í grundvallaratriðum óhóflegur miðað við hugsanlegan hag af hagræðingu.
24. Af þessu leiðir að Color Line hefur ekki sýnt fram á að skilyrðunum í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins hafi verið fullnægt.

10. Misnotkun á ráðandi stöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins

25. Á tímabilinu 1986 til 2006, þegar Kystlink kom inn á markaðinn, var Color Line eitt um hituna, þ.e. í einokunarstöðu á viðkomandi ferjusiglingamarkaði, með 100% markaðshlutdeild. Viðskiptavinir félagsins voru einkum einstaklingar sem höfðu takmarkað eða ekkert jöfnunarvald sem kaupendur. Að auki einkenndist markaðurinn af umtalsverðum aðgangshindrunum, m.a. vegna markaðsstöðu Color Line, vörumerkjatryggðar viðskiptavina félagsins, skorts á raunhæfum valkosti þegar kemur að höfnum og stjórnsýslulegra hindrana. Color Line hafði af þessum ástæðum ráðandi stöðu á viðkomandi markaði í að minnsta kosti þann tíma sem rannsóknin tekur til.
26. Langtíma einkaréttur Color Line samkvæmt hafnarsamningnum á að nota hafnaraðstöðuna á Torskholmen í Strömstad frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005, sem útilokaði samkeppni á viðeigandi markaði, gat, að minnsta kosti, hamlað samkeppni í skilningi 54. gr. EES-samningsins.
27. Color Line hefur ekki sýnt fram á að hlutlæg rök hafi verið fyrir því að treysta á þann samning og viðhalda gildi einkaréttarákvæða hans frá gildistöku EES-samningsins 1. janúar 1994 til 20. desember 2005. Color Line hefur því misnotað ráðandi stöðu sína á viðkomandi markaði.

28. Alþjóðlegar ferjusiglingar eru, eðli málsins samkvæmt, siglingar yfir landamæri. Í því ljósi gat Color Line, með því að misnota ráðandi stöðu sína á viðkomandi markaði, haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja í skilningi 54. gr. EES-samningsins.

11. Viðtakendur ákvörðunarinnar

29. Í ákvörðuninni er komist að því að Color Line AS og Color Group ASA hafi brotið gegn ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins með langtíma einkarétti Color Line AS samkvæmt hafnarsamningnum við sveitarfélagið Strömstad 1991 sem hér segir:
- Color Line AS, með beinni aðild sinni að brotum, frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005,
 - Color Group ASA, vegna afgerandi áhrifa þess á Color Line AS, dótturfélag sitt í einkaeigu, frá 1. október 1998 til 20. desember 2005.

12. Sektir

30. Samkvæmt leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um útreikning sekta, ⁽²⁾ tengist grunnfjárhæð sektar hlutfalli – allt að 30% – af andvirði sölu á viðkomandi landsvæði á Evrópska efnahagssvæðinu á vörum/þjónustu sem brotið tengist beint eða óbeint, eftir því hversu alvarlegt brotið er, margfaldað með þeim fjölda ára sem brotið átti sér stað.
31. Eftirlitsstofnun EFTA tekur að jafnaði mið af sölu fyrirtækisins síðasta heila reikningsárið sem það átti aðild að brotinu. Í þessu máli samsvarar það veltu Color Line á áætlunarleiðinni milli Sandefjord og Strömstad árið 2004.
32. Við mat á því hversu alvarlegt brotið er og til þess að geta ákveðið hvort það hlutfall af söluverðmæti, sem lagt er til grundvallar í tilteknu máli, skuli vera á neðri eða efri hluta þessa bils, metur Eftirlitsstofnun EFTA hvert tilvik fyrir sig, að teknu tilliti til allra aðstæðna sem skipta máli. Eftirlitsstofnun EFTA hefur hliðsjón af fjölda þátta, s.s. eðli brotsins, markaðshlutdeild fyrirtækisins sem um ræðir og landsvæðinu sem brotið nær til.
33. Eftirlitsstofnun EFTA hefur í þessu máli komist að þeirri niðurstöðu að hlutfall af söluverðmæti sem liggja skal til grundvallar grunnfjárhæð sektarinnar skuli vera 2,5%.
34. Þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi tilgreint brot á samkeppnisreglum EES frá 1. janúar 1994, hefur hún, við beitingu sektarheimildarinnar, ákveðið, í undantekningartilvikum, samkvæmt verulegu matsvikinu sínu við álagningu sekta, ⁽³⁾ og í ljósi sérstöðu málsins sem um ræðir, að sekta aðeins fyrir tímabilið frá 1. janúar 1999 til 20. desember 2005. Tímabilið sem tillit er tekið til er því sjö ár.
35. Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, er grunnfjárhæð sektarinnar ákveðin 18,811 milljónir evra.
36. Engar þyngingarástæður eða málsbætur eru fyrir hendi í máli þessu.
37. Sektin er ekki umfram 10% af heildarveltu fyrirtækisins sem átti aðild að brotinu á næsta reikningsári áður en ákvörðunin var tekin.

13. Ákvörðun

38. Color Line AS og Color Group ASA hafa brotið gegn ákvæðum 53. og 54. gr. EES-samningsins með langtíma einkarétti Color Line AS samkvæmt hafnarsamningnum við sveitarfélagið Strömstad 1991 sem hér segir:
- Color Line AS, með beinni aðild sinni að brotinu, frá 1. janúar 1994 til 20. desember 2005,

⁽²⁾ Stjótið. ESB C 314, 21.12.2006, bls. 84, og EES-viðbætur við Stjótið. EB nr. 63, 21.12.2006, bls. 44.

⁽³⁾ Leiðbeinandi reglur um útreikning á sektum, 37. málsgrein.

- b. Color Group ASA, vegna afgerandi áhrifa þess á Color Line AS, dótturfélag sitt í einkaeigu, frá 1. október 1998 til 20. desember 2005.
39. Þótt Eftirlitsstofnun EFTA hafi, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi lengur um brot verið að ræða eftir 20. desember 2005, og til að taka af allan vafa, er þess krafist að fyrirtækin, sem starfa enn á viðkomandi markaði og sem ákvörðun þessari er beint til, láti af brotastarfsemi, hafi þau ekki þegar gert það, og að framvegis aðhafist þau ekkert það sem kynni að hafa sama eða sambærilegt markmið eða áhrif.
40. Fyrir tímabilið 1. janúar 1999 til 20. desember 2005 hefur sekt að fjárhæð 18,811 milljónir evra verið lögð á Color Line AS og Color Group ASA, sem fyrirtækin bera ábyrgð á einn fyrir alla og allir fyrir einn.

AUGLÝSING FRÁ STJÓRNVÖLDUM Í NOREGI**2012/EES/33/05****með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni****Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á fyrirframskilgreindum svæðum árið 2012**

Norska olíu- og orkumálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

Vinnsluleyfi verða aðeins veitt hlutafélögum og einkahlutafélögum sem eru skráð í Noregi eða öðru ríki sem á aðild að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði (EES-samningnum) og einstaklingum sem hafa lögheimili í ríki sem á aðild að EES-samningnum. Útgefið hlutafé í slíku félagi verður að vera að minnsta kosti 1 milljón NOK eða samsvarandi fjárhæð í gjaldmiðli skráningarlandsins.

Fyrirtæki, sem eru ekki þegar handhafar leyfa til vinnslu á norska landgrunninu, kunna að fá vinnsluleyfi ef þau fullnægja fyrirfram öllum kröfum fyrir því að fá leyfi til vinnslu á norska landgrunninu.

